Óperutónlist á efnisskrá á Akranesi

Tríó Blonde heldur tónleika í kvöld, þriðjudagskvöld 16. nóvember, kl. 20.00 í Tónbergi á Akranesi.

Tríóið var stofnað fyrir ári af sópransöngkonunum Erlu Björgu Káradóttur og Hönnu Þóru Guðbrandsdóttur og Sólveigu Samúelsdóttur mezzósópran og héldu þær jólatónleika í desember 2009 bæði í Reykjavík og á Akranesi.

Að þessu sinni leggja söngkonurnar áherslu á óperutónlist og því eru á efnisskránni aríur, dúettar og tríó úr ýmsum áttum.

„Við syngjum margar af okkar uppáhalds aríum og dúettum," segir Sólveig. „Þannig eru þrír af fjórum dúettum á tónleikunum úr smiðju Mozarts. Svo flytjum við líka dúett sem mig hefur lengi langað að syngja, úr Normu eftir Bellini. Það er dásamleg tónlist.



Tríó Blonde Söngkonurnar Erla Björg, Hanna Þóra og Sólveig.

Margar af aríunum eru kunnuglegar, algjör stjörnunúmer," segir Sólveig og lofar líflegum tónleikum.


Ásamt söngkonunum koma fram þau Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari og Sindri Birgisson leikari.

LJÁÐU OKKUR EYRA

Hádegistónlist
í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil



Borgarleikhúsið
568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is
Gauragangur – síðustu sýningar!



Fólkið í kjallaranum (Nýja svið)

Þri 16/11 kl. 20:00 Ný auka U	Lau 27/11 kl. 19:00 22.k U	Fös 10/12 kl. 19:00 27.k U
Lau 20/11 kl. 19:00 17.k U	Lau 27/11 kl. 22:00 aukas Ö	Fös 10/12 kl. 22:00 Ö
Lau 20/11 kl. 22:00 18.k U	Mið 1/12 kl. 20:00 23.k Ö	Lau 11/12 kl. 19:00
Sun 21/11 kl. 20:00 19.k U	Sun 5/12 kl. 20:00 24.k U	Sun 12/12 kl. 20:00
Þri 23/11 kl. 20:00 20.k U	Mið 8/12 kl. 20:00 25.k Ö	
Fim 25/11 kl. 20:00 21.k U	Fim 9/12 kl. 20:00 26.k Ö	

Sýningum lýkur í desember



Gauragangur (Stóra svið)

Mið 17/11 kl. 20:00 aukas Ö	Sun 28/11 kl. 15:30 Aukas Ö
Fim 18/11 kl. 20:00 14.k U	Sun 28/11 kl. 20:00 15.k U

Sýningum lýkur í nóvember



Fjölskyldan (Stóra svið)

Fös 19/11 kl. 19:00 4.k U	Lau 4/12 kl. 19:00 8.k U	Lau 15/1 kl. 19:00
Mið 24/11 kl. 19:00 5.k Ö	Lau 18/12 kl. 19:00 9.k U	Sun 23/1 kl. 19:00
Fös 26/11 kl. 19:00 6.k U	Fim 30/12 kl. 19:00 Ö	
Fös 3/12 kl. 19:00 7.k U	Fös 7/1 kl. 19:00	

"Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu", BS, pressan.is



Enron (Stóra svið)

Lau 20/11 kl. 20:00 15.k Ö	Fim 25/11 kl. 20:00 16.k Ö	Lau 27/11 kl. 20:00 17.k Ö

Sýningum lýkur í nóvember



Jesús litli (Litla svið)

Fös 19/11 kl. 20:00 5.k U	Fim 2/12 kl. 20:00 11.k U	Mið 8/12 kl. 20:00 14.k Ö
Sun 21/11 kl. 19:00 6.k U	Fös 3/12 kl. 19:00 8.k U	Fim 9/12 kl. 20:00 15.k U
Mið 24/11 kl. 20:00 7.k U	Fös 3/12 kl. 21:00 9.k U	Sun 12/12 kl. 20:00 16.k U
Fös 26/11 kl. 19:00 aukas U	Lau 4/12 kl. 19:00 12.k Ö	Fim 16/12 kl. 20:00 U
Mið 1/12 kl. 20:00 10.k U	Lau 4/12 kl. 21:00 13.k Ö	Lau 18/12 kl. 19:00 Ö
Fim 2/12 kl. 18:00 aukas	Þri 7/12 kl. 20:00 aukas	Lau 18/12 kl. 21:00 Ö

Sýningar 2/12 kl 18 og 7/12 kl 20 verða túlkaðar á táknmáli



Faust (Stóra svið)

Fim 6/1 kl. 20:00 Ö	Sun 16/1 kl. 20:00 Ö
Fös 14/1 kl. 22:00 Ö	Fim 20/1 kl. 20:00 Ö

Aukasýningar á Íslandi vegna fjölda áskorana



Harry og Heimir - leikferð (Samkomuhúsið Akureyri)

Fös 19/11 kl. 19:00 U	Lau 20/11 kl. 22:00 U	Fös 26/11 kl. 19:00 aukas Ö
Fös 19/11 kl. 22:00 U	Sun 21/11 kl. 17:00 aukas Ö	Lau 27/11 kl. 19:00 aukas Ö
Lau 20/11 kl. 19:00 U	Sun 21/11 kl. 20:00 U	

Sýnt í Samkomuhúsinu hjá LA á Akureyri



Horn á höfði (Litla svið)

Lau 20/11 kl. 14:00 16.k	Lau 27/11 kl. 14:00 18.k
Sun 21/11 kl. 14:00 17.k Ö	Sun 28/11 kl. 14:00 19.k

Gríman 2010: Barnasýning ársins

Meitlað, kalt og beitt

MYNDLIST
ANNA JÓA



Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús
Gardar Eide Einarsson – Power has a Fragrance
★★★☆☆

Til 9. janúar 2011. Opið alla daga kl. 10-17. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjórn: Sara Arrhenius, Bonnier Konsthall, Gunnar B. Kvaran og Hafþór Yngvason.



Merki „Gardar sækir efnivið verkanna einnig í táknmyndir, hugtakanotkun og tungutak lögreglunnar, í liti, efni og formgerð opinberra stofnana."

Gardar Eide Einarsson er ungur Norðmaður af íslenskum ættum sem vakið hefur athygli í alþjóðlegum listheimi. Verk hans eru nú sýnd í þremur sölum Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi, undir yfirskriftinni „Power has a Fragrance". Titillinn vísar til loftkennds efnis og verkin á sýningunni fjalla um birtingarmyndir valds sem eru í senn óáþreifanlegar og efnislegar.

Yfirbragð sýningarinnar bendir til þess að „ilminn" megi helst tengja þvölum, óttablöndnum svita og karlhormónum, lykt sem kann að þykja sæt í vitum valdhafa. Í verkinu *Kaligúla* sést svarthvítt, geómetrískt form sem vísar í senn til fallöxarinnar og til hesthöfuðs (nánar tiltekið Incitatusar, eftirlætishests Kaligúla). Kolsvört málning „drýpur" af blaðinu, eða höfðinu, líkt og ferskt blóð. Tvíræð myndin gefur til kynna martraðarkennt ofbeldi, geggjun og óvissu. Karlhormónar eiga vel við í þessu samhengi, því myndir og textar Gardars eru að miklu leyti sótt í myndmál og orðfæri karllægrar menningar í samtímanum, þ. á m. táknmál götunnar; graffíti, brettaskreytingar, húðflúr, dreifibréf, flögg og annað í þeim dúr – allt hæfilega stíliserað og pönkað. Samhengið er fyrst og fremst stórborgarlífið, ekki síst í Bandaríkjunum. Gardar sækir efnivið verkanna einnig í táknmyndir, hugtakanotkun og tungutak lögreglunnar, í liti, efni og formgerð opinberra stofnana. Vísanir í aðferðir auglýsingaiðnaðarins eru áberandi í grafískum útfærslum. Rastapunktar eru sýnilegir í uppstækkuðum ljósmyndum en þeir leiða hugann að popplistamönnum, auk þess sem formhyggja mínimalismans, op-listarinnar og geómetrískrar afstraksjónar svífur yfir vötnum, enda vinnur Gardar markvisst með listsamhengi verkanna, jafnvel þótt þau eigi rætur í skilta- og auglýsingamenningu, ýmsum menningarkimum og umfram allt netinu þar sem þrífst ýmiss konar óhugnaður tengdur undirheimum.

Listamaðurinn tekur tákn eða upplýsingar sem eru á sveimi og vinnur inn í sýningarsamhengi þar sem ríkjandi litir eru svartur, hvítur og grár. Verkin eru vel útfærð og úthugsuð, og því sjónrænt grípandi. Táknin eru svipt upprunalegu samhengi og ásýnd, merking þeirra er brengluð enn frekar og eru formræn útlitseinkenni einstakra liststefna þar ekki undanskilin. Þannig leitast Gardar á gagnrýninn hátt við að draga fram hvernig uppreisn og andóf, hvort sem er í listum, borgaralegri óhlýðni eða í götumenningu, hefur dagað uppi í útlitsiðnaðinum. Úr verður sýning sem miðlar endalausum óræðum upplýsingum og um leið er merkingarleysið allsráðandi.

Loftið er þó lævi blandið og það er andrúmsloft hins ósýnilega valds sem listamaðurinn leitast við að sviðsetja. Upplýsinga- og táknmergðin endurspeglar hvernig hegðun borgaranna er stýrt, hvort sem það er af opinberu valdi og hugmyndakerfum, peninga- og markaðsöflum, samfélagshópum eða af skilyrtu sjálfinu. Valdið er alltumlykjandi, ofbeldi hefur grafið alls staðar um sig eins og undirstrikað er með myndum þar sem byssumenn leynast á bak við ljósastaura, póstkassa og brunahana.

Yfirbragð sýningarinnar er myrkt og torrætt, jafnvel fráhrindandi – það er ef til vill hinum töfraaralega dauðarokksblæ að kenna. Þessi blær er um leið helsti ljóðurinn þar eð hann þrengir sjónarhornið. *Power has a Fragrance* er þó engu að síður ögrandi sýning sem fjallar um það hvernig dulvitaðar hvatir og yfirvald togast á í samfélagskerfinu.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ





Hversdagslegar smásögur

BÆKUR
INGVELDUR GEIRSDÓTTIR




Raddir úr fjarlægð ★★☆☆☆

Eftir Ingva Þór Kormáksson. Sögur útgáfa 2010

Bókin *Raddir úr fjarlægð* hefur að geyma fimmtán smásögur eftir Ingva Þór Kormáksson. Sögurnar eru um Íslendinga í hversdeginum, oft endurlit sögumanna til fortíðar. Það er svolítið eins og höfundur standi við barinn í pásunni (vísun í fyrstu setninguna í bókinni) og rifji upp með sjálfum sér sögur sem hann hefur heyrt og annað sem hefur komið fyrir hann sjálfan í gegnum tíðina, eitthvað sem er honum eftirminnilegt úr hversdeginum. Þetta eru hversdagslegar sögur, yfirleitt með óvæntum snúningi.

Ingvi Þór er ágætur penni og skrifar fínan texta en það vantar eitthvað í sumar sögurnar til að gera þær áhugaverðar, þær eru sumar hverjar of hversdagslegar. Það er ekki á allra færi að gera hversdaginn áhugaverðan og óáhugaverðar persónur spennandi. Ingva Þór tekst það í nokkrum sögum en aðrar eru bara þreytandi lesning eins og „When in Rome …", „Só hó!", „Kallaðu mig Kurt" og „Í fylgd með Jesú". Þessar ofantöldu sögur eru kannski fyndnar í góðra vina hópi í matarboði en annars ómerkilegar og eiga ekkert erindi í bók. En bókin hefur að geyma fimmtán sögur og eru sumar þeirra góðar. Ingvi Þór getur verið spaugilegur penni og byggt upp skemmtilegar sögur, eins og í „Maggi fer í meðferð", „Sungið", „Andlit" og „Hliðarspor"; allt ágætis smásögur sem halda athyglinni.

Raddir úr fjarlægð er auðlesin bók, vel skrifuð, oft skondin en óáhugaverð.



Morgunblaðið/RAX

Höfundur Ingvi Þór Kormáksson.